

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 266/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Þorsteini Baldvin Ragnarssyni

(Gísli M. Auðbergsson lögfræðingur)

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 4. júlí 1996, þar sem Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari vikur sæti í máli ákærvaldsins á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Varnaraðili krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum, verður fallist á það með héraðsdómara, að honum sé rétt að víkja sæti í málinu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 4. júlí 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 4. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu S-497/1995.

Með ákæru sýslumannsins á Seyðisfirði, dagsettri 28. desember 1995, var höfðað opinbert mál á hendur ákærða, Þorsteini Baldvin Ragnarssyni,

Hammerstadsgade 21, Osló, Noregi, kt. 280575-6079, fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málið var til meðferðar hjá hinum reglulega héraðsdómara á Austurlandi. Var það þingfest 3. janúar 1996. Ákærði neitaði sök, og var málið tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 15. sama mánaðar. Í dómi Héraðsdóms Austurlands 26. þess mánaðar taldi dómari óvarlegt að fullyrða, að ákærði hefði af ásetningi slegið kæranda með brotinni flösku í andlitið, eins og honum var gefið að sök í ákæru. Var ákærði því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Íslands með áfrýjunarstefnu, út gefinni 4. mars sl. Með dómi Hæstaréttar 6. júní sl. var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi um annað en sakarkostnað. Var málinu vísað til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Í dómi Hæstaréttar segir, að niðurstaða héraðsdómara um það, að ákærði eigi að vera sýkn af kröfum ákæruvalds, sé reist á mati hans á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Slík niðurstaða komi ekki til endurmats fyrir Hæstarétti, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar um fyrir dómi, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 og 19. gr. laga nr. 37/1994. Þær ályktanir, sem héraðsdómari dragi af munnlegum framburði þeirra, er skýrslu gáfu fyrir dómi, orki mjög tvímælis og sé þörf á, að sönnunarfærsla fari fram að nýju fyrir héraðsdómi, sem skipaður verði þremur dómurum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 og 1. gr. laga nr. 37/1994.

Eins og rakið hefur verið, verður ekki séð, að niðurstaða Hæstaréttar byggist á annmörkum við gagnafærslu fyrir héraðsdómi eftir útgáfu ákæru eða meðferð málsins að öðru leyti. Fremur virðist Hæstiréttur reisa dóm sinn á efasemdum um rétt mat dómara á framburði fyrir dómi. Þykir af þeim sökum með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, eins og hér stendur á, eðlilegast, að hinn reglulegi héraðsdómari víki sæti í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólafur Börkur Þorvaldsson, héraðsdómari á Austurlandi, víkur sæti í málinu.